


Skóli Ísaks Jónssonar

INNRA MAT

Skýrsla fyrir
skólaárin 2022-2023



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
2. Markmið og tilgangur matsins.....	3
3. Aðferðir og framkvæmd matsins.....	3
4. Niðurstöður og stutt samantekt.....	4
5. Lokaorð.....	4

Kynning á innra mati skólans 2022-2023

1. Inngangur

Í innra matsteymi skólans í ár eru: Póra Elísabet Kjeld kennari og verkefnastjóri, Lára Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri.

Á árunum 2022 – 2023 voru eftirfarandi kannanir gerðar:

Viðhorfskönnun foreldra barna í fimm ára deild 2023 – Ísaksskóli [\[sækja skrá\]](#)

Viðhorfskönnun foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur 2022 – Ísaksskóli [\[sækja skrá\]](#)

Bæði leikskóla- og grunnskólahluti skólans komu mjög vel út og gefur þessi rýning okkur byr undir báða vængi. Í niðurstöðum Skólapúlsins (Vísir ehf) má sjá að skólinn er vel fyrir ofan meðaltal í samanburði við aðra skóla.

2. Markmið og tilgangur matsins

Markmið og tilgangur matsins er meta viðhorf foreldra til skólans og skoða hvað gengur vel og hvar má gera betur. Markmið könnunar í leikskóla- og grunnskólahlutanum er að skoða viðhorf foreldra til skóla barna sinna, líðan og stuðning við barnið, nám og kennslu og stjórnun skólans. Úrtök barna var tekið af handahófi úr öllum skólum borgarinnar og fjórum sjálfstætt starfandi skólum og sama á við um leikskólahlutann.

Tilgangurinn er einna helst sá að gefa foreldrum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og fá fram viðhorf þeirra til skólans. Niðurstöðurnar eru notaðar til að meta árangur starfsins og gera áætlanir um umbætur. Þær eru einnig liður í eftirliti með skólanum og innra og ytra mati skólans.

3. Aðferðir og framkvæmd matsins

Visar rannsóknir ehf. sá um gagnaöflun en undirbúningur og vinnsla könnunarinnar var í höndum Skóla- og fristundasviðs. Grunnskólakönnunin var lögð fyrir í marsmánuði 2022 og í maí 2023 í leikskólahlutanum. Fyrirlagirnar voru rafrænar.

4. Niðurstöður og stutt samantekt

Það er ljóst að skólinn er að standa sig vel og við þökkum fyrir það traust sem okkur er sýnt. Í könnun leikskólahlutans eru ekki miklar breytingar frá síðustu könnun og ánægja með skólann skorar hátt. Sama má segja um könnunina í grunnskólahlutanum.

5. Lokaorð

Það kom okkur í innra matsteymi ánægjulega á óvart að sjá hversu jákvæðar niðurstöður könnunarinnar voru samanborið við niðurstöður annarra skóla. Farsælt skólastarf stendur og fellur með starfsfólki skólans og því starfi sem skólinn vinnur. Við erum að skora hátt í samanburði við aðra skóla og er það okkur mikilvægt að lesa út úr niðurstöðunum að við erum almennt að gera mjög vel.

Umbótaáætlun skólans má finna [hér](#)